

Skólaráðsfundur 25. febrúar 2015

Mættir: Svava Bogadóttir – skólastjóri, Anna Hlöðversdóttir – fulltrúi almennra starfsmanna, Tanja Sigmundsdóttir og Sindri Friðriksson – fulltrúar nemenda, Oddur Þórðarson – fulltrúi foreldra og Jens G. Einarsson og Hannes Birgir Hjálmarsson – fulltrúar kennara.

Dagskrá:

1. Umsókn í Sprotasjóð 2015 vegna úthlutunar 2015-2016

- a. Í kjölfar könnunar Skólapúlsins, þar sem fram kom að nemendur hefðu ekki nægilega trú á eigin getu, teljum við að rétt sé að setja af stað vinnu til að auka trú nemenda sjálfa sig. Sömmuleiðis kom fram að nemendur eru fyrir neðan landsmeðaltal þegar skoðað er sjálfsálit, Svava kynnti stöðu umsóknarinnar sem verður skilað inn í síðasta lagi 28. febrúar nk.

Markmið verkefnisins:

- að bæta sjálfsálit nemenda
 - að efla leiðtogafærni nemenda
 - að efla trú nemenda á eigin námsgetu
 - að gera nemendur sjálfa ábyrga fyrir eigin námi, auka áhuga þeirra og metnað
 - að nemendur finni tilgang með náminu
 - að finna kveikju að metnaði fyrir nemendur
 - að finna gleðina í skólanum.
- Svava fór yfir umsóknina og urðu umræður um hana.
 - Rætt um auknar kynningar á framhaldsskólum, stefnt að því að koma á árlegum kynningarfundum framhaldsskólanna í grunnskólum á svæðinu.
 - Foreldrar/forráðamenn verða að koma að verkefninu ef markmið eiga að nást.

Næsti fundur ákveðinn 15. apríl 2015

Fleira var ekki rætt og fundi slitið 09.30 / HBH